

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Dalvegur 24.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 8. maí 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 frá 23. apríl 2002.

Breytingin felst í því að nýtingarhlutfall á lóðinni Dalvegur 24 hækkar úr 0,5 - 0,8 í 1,4. Lóðin er skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði, endurbótasvæði og helst sú skilgreining óbreytt. Gert er ráð fyrir að byggingamagn aukist úr 2.649 m² í 9.800 m² auk tveggja hæða bílageymslukjallara með 282 stæðum. Alls er gert ráð fyrir 397 stæðum á lóðinni eða 1 bílastæði á hverja 35 m² verslunar- og þjónustuhúsnaðis. Aðkoma að lóðinni verður frá Reykjanesbraut og Dalvegi.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. maí 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 26. maí 2009